

fyrir að inna af hendi þau störf, sem ekkert er ákveðið um í lögum nr. 15. 5
15. okt. 1875, og sætir það þá, ef til kemur, úrskurði dómstólanna, hvort hann 19. jan.
hefur gætt sanngirni í kröfum sínum.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til sjera Jens Pálssonar á Útskál- 6
um, um hlunnindi handa sparisjóði á Rosmhvalanesi. — Með brjefi 22. jan.
þessu veitti landshöfðingi með venjulegum skilyrðum sparisjóði á Rosmhvala-
nesi hlunnindi þau, sem talin eru í tilsk. 5. jan. 1874, um 5 ára tímabil, er
teljist frá 1. janúar þ. á. til 1. janúar 1897.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamt- 7
inu, um kaup á jarðarhúsum handa Þjóðjörð. — Þjer hafð herra 23. jan.
amtmaður með þóknanlegu brjefi dags. 18. þ. m. skýrt mjer frá, að Þjóðjörðinni
Vestra-Norðurgarði á Vestmannaeyjum, sem sje laus úr ábúð frá næstkomandi
fardögum, fylgi engin jarðarhús, heldur eigi hinn núverandi ábúandi öll húsin,
sem á jörðinni eru, svo sem baðstofu, eldhús og fjós, sem eptir lauslegri virð-
ingu muni öll til samans vera 500 kr. virði, og hafð þjer jafnframt mælt með
þeirri tillögu sýslumannsins á Vestmannaeyjum að landssjóður kaupi tjeð jarð-
arhús af eigandanum og sjeu þau síðan látin fylgja jörðinni.

Útaf þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að jeg er yður samdóma
um, að rjett sje að hin nauðsynlegu jarðarhús fylgi jörð þessari, og því vil jeg
fallast á, að fyrnefnd hús verði keypt af ábúandanum eptir mati löglegra út-
tektarmanna, en þó eigi fyrir meir en 500 kr., og skal þá hækka landsskuld-
ina þannig, að hækkunin svari til 4% af þeirri upphæð, sem jarðarhúsin verða
metin og keypt fyrir.

Brjef landshöfðingja til stjórnar landsbankans, um breyting á 8
reglugjörð bankans 5. júní 1886. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 20. þ. m., 29. jan.
hefir hinn háttvirta bankastjórn samkvæmt áskorun minni sent mjer tillögur sín-
ar útaf þingsályktun, samþykktri af báðum deildum alþingis f. á. þar sem skorað er
á landshöfðingja að fá því framgengt, að lands bankinn veiti lán gegn veði í húseign
um í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og verzlunarstöðum landsins, þá er hús
þessi eru váttryggð og þannig að landsbankinn annist váttryggingargjaldið fyrir hönd
lántakenda, semgreiði váttryggingargjaldið fyrirfram ásamt kostnaði skaðlaust, allt
á þann hátt, er ákveðið yrði nákvæmar með reglugjörð samkvæmt lögum 18. sept.
1885, og hefur bankastjórnin lagt það til að 11. 12. og 13. gr. í reglugjörð fyrir
landsbankann 5. júní 1886 verði breytt þannig, að nefndar greinar verði svo,
sem nú skal greina:

11. gr.

»Bankinn veitir lán gegn tryggingu í fasteign, þó að eins gegn 1. veðrjetti.